

Bragi Snædal hélt tölu til minningar um Erlend.

# Minnsivarði afhjúpaður á Melgerðismelum

**FJÖLMENNI var á flugvellinum á Melgerðismelum sl. laugardag, 9. júní, er afhjúpaður var minnisvarði um Erlend Árnason svifflugmann sem fórst á svifflugæfingu 22. desember sl. er sviffluga sem hann flaug brotnaði á flugi. Erlendur var aðeins átján ára gamall þegar hann lést en svifflug átti hug hans frá unga aldri. Gerðist hann virkur félagi í starfsemi Svifflugfélags Akureyrar um leið og hann hafði aldur til árið 1988.**

Minnisvarðinn, sem var valinn staður við Hyrnu, miðstöð flugáhugamana á Norðurlandi, stendur á þríhyrndum stöpli. Efst á stöplinum er listaverk í formi sviffflugu á flugi, en fyrir neðan er skjöldur sem hefur m.a. eftirfarandi tilvitnun úr Sonatorreki Egils Skallagrímssonar:

Verð eg varfleygur
er vinir þverra
eða, ég verð varkár á flugi þegar vinum fækkar.

Bræður Erlends, Magnús og Tómas Árnasynir, afhjúpuðu minnisvarðann, en Bragi Snædal, Svifflugfélagi Akureyrar, og Árni Magnússon, faðir Erlends, fluttu stutta tölu við athöfnina.

Hönnuður minnisvarðans er Bragi Snædal en Magnús Ingólfsson sá um smíði stöpulsins og Þórður Vilhjálmsson smíðaði merkið og skjöldinn sem eru úr ryðfríu stáli. Minnisvarðinn var kostaður af framlögum félaga úr Svifflugfélagi Akureyrar.



Morgunblaðið/PPJ

**Bræður Erlends, Magnús og Tómas Árnasynir, afhjúpuðu minnisvarðann.**

# Nýtt orgel vígt á Borgarspítalanum

**ORGEL frá Félagi velunnara Borgarspítalans var vígt í kapellu spítalans á sunnudaginn. Orgelið er valið af Hauki Guðlaugssyni, söngmálastjóra, og kemur frá Ítalíu.**

Athöfnin hófst með ávarpi Egils Skúla Ingibergssonar, formanns Félags velunnara Borgarspítalans, en á eftir honum helgaði séra Jón Dalbú Hróbjartsson orgelið. Þá sungu félagar úr Kór Langholtskirkju og Jón Stefánsson stjórnandi kórsins lék á nýja orgelið. Spítalaprestarnir tveir, Sigfinnur Þorleifsson og Birgir Ásgeirsson, lásu guðspjall og fluttu bæn. Eftir athöfnina bauð stjórn spítalans upp á kaffiveitingar.

Félag velunnara Borgarspítalans gengst fyrir gróðursetningu við spítalann á laugardaginn, Borgarspítaladaginn.



Morgunblaðið/Bjarni

**Egill Skúli Ingibergsson, formaður Félags velunnara Borgarspítalans, flytur ávarp. Við hlið hans stendur Sigfinnur Þorleifsson spítalaprestur.**

## Samtök heilbrigðisstétta:

# Ályktun um busavígslur

**Morgunblaðinu hefur borist áskorun til skólayfirvalda frá Samtökum heilbrigðisstétta. Þar kemur meðal annars fram að ofbeldi meðal barna og unglinga verður sífellt meira áhyggjuefni. Þá séu slys og dauðsföll af völdum ofbeldis alltof tíð í þessum aldurshópum. Vonast er til að samvinna náist um það við nemendur að busavígslur séu gleðilegar athafnir án hættu.**

Í vetur var haldin ráðstefna á vegum Samtaka heilbrigðisstétta er nefndist Æska án ofbeldis og nú nýlega lauk málþingi um forvarnir gegn ofbeldi og leiðir til lausnar. Þar fjölluðu sérfræðingar, m.a. á sviði uppeldis-og menntamála um tíðni og orsakir ofbeldis hjá æsku landsins. Í framhaldi af því vilja Samtök heilbrigðisstétta beina þeim eindregnu tilmælum til stjórnenda framhaldsskóla að þeir reyni að hafa áhrif á framkvæmd hinna svokölluðu busavígslna. Leikur og fögnuður ungmenna hefur á stundum snúist upp í anhverfu sína, leikur orðið að slysagildrum og fögnuður að ótta.

Þá kemur fram að Samtökum heilbrigðisstétta er umhugað um að busavígslur séu gleðilegar athafnir án hættu og vonast til að samvinna náist um það við nemendur sjálfa.

# Ekki nægt tillit tekið til lokunar norska seiðamarkaðarins

## – segir Helgi Kjartansson líffræðingur um stöðu fiskeldisstöðva

**HELGI Kjartansson líffræðingur segir, að í skýrslu um stöðu fisk eldis í landinu sé ekki tekið nægilegt tillit til þess vanda, sem fiskeldisfyrirtækin áttu við að stríða á árunum eftir 1988 þegar markaður fyrir sölu seiða til Noregs lokaðist. Skýrslan var unnin að ósk landbúnaðarráðherra og kynnt fjölmiðlum í síðustu viku. Þar kemur fram að fyrirtækin bera sig ekki og að engar líkur séu á að staða þeirra batni á næstu tveimur árum. Hefur ríkisstjórnin ákveðið að veita 300 milljónir króna til fárra fyrirtækja með það að markmiði að varðveita þá þekkingu og reynslu sem áunnist hefur í landinu.**

Helgi sagðist hafa hnotið um nokkur atriði í skýrslunni, sem hann væri ekki sáttur við, og benti á að vanda fiskeldisfyrirtækjanna mætti rekja allt til þess að lokaðist fyrir seiðasölu héðan til Noregs. Honum virtist sem skýrsluhöfundur taki ekki nægilegt tillit til ástandsins sem þá skapaðist hjá fyrirtækjunum. „Flestir sátu uppi með nær ómælt magn af fiski," sagði hann. „Í skýrslunni kemur fram að engu mátti henda, þar sem bankar áttu veð í seiðunum. Þar fyrir utan er afurðalánakerfið þannig upp byggt að hausatala fiskanna gildir. Þeim mun fleiri hausar í stöðinni þeim mun meiri verðmæti og greiðari aðgangur að afurðalánum. En það sem gerðist var að menn sátu uppi með mikið magn af fiski og þegar fram liðu stundir komst fiskurinn einfaldlega ekki fyrir. Þá urðu verulegar afföll þegar fiskurinn skemmdist í þrengslunum. Menn voru að bíða og vona að af seiðasölu yrði til Noregs. Þetta er í raun sá efniviður, sem fiskeldi á Íslandi hefur byggtst á allt frá árinu 1988. Það vita allir sem vit hafa á að fiskur, sem fer sem gönguseiði úr eldisstöð árið 1988, skilar sér ekki aftur sem sláturfiskur fyrr en árið 1990."

Helgi sagði, að árið 1988 hafi auk gönguseiðanna einnig næsta kynslóð í fiskeldi verið áfram í eldisstöðvunum og átti eftir að vera fram á næsta ár. Áhrifa af ástandi á seiðamarkaðinum árið 1988 gætti því enn. „Skýrslan byggist á þessum efnivið og það kemur fram í henni," sagði hann. „En að mínu mati er ekki lögð nægileg áhersla á þetta atriði. Jafn stór liður og þetta er í vanda fiskeldisstöðva í dag."

Helgi nefndi einnig vanda matfiksstöðvanna, sem byggðar voru af vanefnum og í hasti til að taka við fiski til slátrunar. Að þeim hafi ekki verið nægilega vel staðið og þörf á frekara fjármagni til að gera þær nægilega vel úr garði. „Það má heldur ekki gleymast að strandeldi kallar á ákveðna tækni og tæki þegar flytja þarf fiskinn milli kera. Tæki sem ekki eru fyrir hendi og þess vegna er ekki hægt að flytja fiskinn og flokka á réttum tíma," sagði hann.

Önnur atriði, sem Helgi nefnir og telur að séu óvarlega metin, er að fram kemur að gerðar hafi verið miklar rannsóknir á fiskeldi. „Það er ekki rétt. Það hafa farið fram rannsóknir en ekki nægilega miklar, þar sem allar rannsóknir á fiski í sjó eru kostnaðarsamar og hafa í raun staðið matfiskeldi fyrir þrifum. En það hafa farið fram rannsóknir á smáfiskum sem eru talsvert ólíkar," sagði hann. „Svo virðist sem höfundur skýrslunnar rugli saman þeim aðferðum, sem beitt er við hafbeitarfisk og eldisfisk, sem sýnir að hann hefur ekki kynnt sér fiskeldi til hlýtar."

Þá nefndi hann að tryggingarfélögin settu fiskeldisfyrirtækjunum einhliða ákveðin skilyrði. Þau ganga undir ákveðna skilmála sem fela í sér að eldisfyrirtækin eru skyldug til að halda ákveðnu magni af fiski í hverju keri. Tryggingarfélögin hafi þannig áhrif á afkomu fyrirtækjanna.



Morgunblaðið/KGA

## *Rek komið upp á Miklatúni*

Á Miklatúni við Kjarvalsstaði er komið upp listaverkið Rek eftir Kristinn Hrafnsson. Verkið er í eigu borgarinnar og var á sýningu listamannsins síðastliðið haust. Að sögn Kristins, vísar verkið til landrekskenningar Alfreds Lothars Wegeners, og er eins og sjá má, samsett úr kubbum í líki gossprungu en mælistangirnar eiga að minna okkur á hvernig við nýtum náttúruna.

# Norræna ígræðslufélagið þingar hér

**DAGANA 12.-14. júní nk. er 16. þing Norræna ígræðslufélagsins „Scandinavina Transplant Society" haldið í Háskólabíó.**

Á þinginu er fjallað um hvaðeina er varðar líffæraígræðslu. Vísindadagskrá þingsins er mjög viðamikil, fjölmörg innsend erindi flutt ásamt yfirlitserindum og sérstök kennsluseta verður um ónæmisfræði líffæraígræðslu.

Þrír bandarískir fyrirlesarar verða gestir þingsins, John T. Herrin frá læknadeild Harvard-háskóla sem mun fjalla um líffæraígræðslu í börn, Oscar Bronsther frá Pittburghháskóla sem fjallar um nýtt ónæmisbælandi lyf, FK 506, og Arthur L. Caplan frá Center of Biomedical Ethics, Minnesota-háskóla.

Fyrirlestur dr. Caplans Hví er skortur á líffærum og vefjum til ígræðslu? Hann verður haldinn fimmtudaginn 13. júní kl. 8.15 og að honum loknum verður „symposium" um löggjöf á Norðurlöndum um ákvörðun dauða og brottnám líffæra til ígræðslu.

■ ***TVEIR VINIR* og annar í frii verða með KK-band** í kvöld fimmtudag 12. júní. Þetta er tónleikaútgáfa bandsins en á föstudagskvöldið má svo heyra dansleikjaútgáfuna. Laugardagskvöld skemmtir **Loðin rotta.** Sunnudagskvöld skemmtir svo **Sniglabandið.** Sniglabandið ætlar að frumsýna nýtt myndband og að auki verða ýmsar aðrar uppákomur. Mánudagskvöldið 17. júní leikur norska hljómsveitin **ARTCH** með **Eiríki Hauksson** í fararbroddi.

■ ***ÍSLANDSVINIR*** skemmta í **Edinborg í Keflavík** föstudags- og laugardagskvöld. Sunnudagskvöld verða þeir á **Hótel Íslandi** og mánudagskvöldið 17. júní í **Íþróttahúsinu á Akranesi.**